

## Þjóðskipulag og þróun

Í ritgerð minni „Um þjóðskipulag og þróun“ (Eimreiðin 1934, 3. hefti) fór ég fljótt yfir sögu, því ætlun mín var aðeins sú að gefa stutt yfirlit um heildarskoðun þá, er ég hafði aflað mér um þessi efni, til þess svo síðar að auka við eftir þörfum og skýra nánar sum atriðin og um leið auka við nýjum atriðum, ef svo vildi verkast.

Ég bæti því við nokkrum nýjum atriðum nú. eru þau árangur af frekari hugleiðingum um þessi mál. Hafa þau ýmsar hliðar, sem ennþá hafa eigi verið athugaðar, svo nægilegt verkefni er fyrir höndum til frekari athugana í þessari grein hinna andlegu fræða.

### Dómgreind

Áður en ég tek til við athuganir þær, sem hér fara á eftir, verð ég að minnst á atriði, sem mér þykir miklu varða að menn geri sér grein fyrir áður en þeir fara að fást við vandamál, en það er dómgreindin.

Dómgreindin er einn hinn nauðsynlegasti þáttur hins hugræna lífs, og hann verða menn að efla og víkka, ef menn eiga að verða þess megnugir að athuga og rannsaka með nokkurn veginn góðum og ábyggilegum árangri málefni þau, sem fyrir liggja til úrlausnar. Og ýmis atriði verður þá að hafa í huga, ef rétta leið skal halda. Menn verða að temja sér að, skilgreina nákvæmlega hvað séu aukaatriði mála og aðalatriði. Aðalatriðin eru þungamiðja þeirra og þeim má aldrei missa sjónar á, ef menn ætla sér að halda samkvæmninni alla leið í meðferð þeirra. Réttlætismeðvitundin verður að vera sterk og ábyggileg, ef rétt úrlausn á að fást, og eigingirni og eiginhagsmunir mega ekki lita álitid og ákvarðanirnar, því að öðrum kosti er hætta á að allt fari út um þúfur. Sé athugunin óháð og ópersónuleg og laus við alla eiginhyggju, er lítill vafi á því, að hin rétta niðurstaða náist. En það krefst mikillar hugsunar og æfingar að dómgreindin geti orðið ábyggilegur starfandi kraftur, en henni verða menn að beita ætíð og ævinlega ef þeir eiga að gera sér nokkra von um að geta leyst lífsgátur og þá eru þjóðmálaverkefni engu síður háð þessari reglu en öll önnur viðfangsefni manna. Dómgreindin verður áreiðanlega fyrsta og síðasta tækið, sem mennirnir verða að meðhöndla þegar um lausn verkefna og viðfangsefna er að ræða, hæfi andlegra og verklegra. Því verður aldrei of mikil áhersla lögð á þroskun hennar og notkun.

### Skipulagning og skipulag

Nú á tímum er mikið rætt og ritað um skipulagningu og skipulag. Er í raun og veru ekki neitt við það að athuga, því reglu og skipulag verður að viðhafa í öllum greinum, smáu og stóru, ef góðum og tilætluðum árangri á að ná. Í raun réttari er enga athöfn unnt að framkvæma, hversu smávægileg sem hún kann að vera, nema því aðeins að hún hafi áður verið hugsuð og skipulögð. En við endurtekningu athafnar má oft og tíðum finna nýjar aðferðir og heppilegra skipulag verkefna, og er þá skipulagningin færð í betra horf en áður var. Sá, sem stjórnar fyrirtæki verður að skipuleggja það áður en hann hefur starf sitt, og hann verður síðan að halda skipulagningunni áfram í minni atriðum meðan fyrirtækið starfar. Hann getur ekki haft nákvæmt auga með starfsemi í öllum greinum hennar nema með nákvæmri skipulagningu. Og til þess að fyrirtækið sé rekið á heilbrigðum og öruggum grundvelli, verður þetta að gerast. Skipulagningin er því höfuðuppistaða og beinagrind fyrirtækisins.

En allir hlutir hafa tvær hliðar að minnsta kosti, og það á sér einnig stað í þessu sambandi. Eiga þeir sína ytri og innri hlið eða hina verklegu eða formlegu hlið og hina andlegu.

Með skipulagningunni einni og út af fyrir sig höfum við aðeins fullnægt ytri hliðinni, framhliðinni. Það er ekki nægilegt að einblína á hana eina og telja svo öllu borgið. Það væri sama sem að, hauga saman innan tómun orðum, sem ekkert samhengi ættu og setja þau í sniðugt rím og halda svo að það sé fullkomið skáldverk. Það verður að vera einhver kenning, eitthvað verulegt á bak við, sem gefur hinu glæsilega formi eitthvert gildi. Og sama er að segja um skipulagninguna, það verður að vera sannur veruleiki á bak við hana, sem fyllir hana ætíð endurnýjuðu lífi og þrótti, sem er þrunginn af dómgreind, hyggindum, vitsmunum og umhyggju.

Þess vegna getur gott skipulag ekki notið sín, nema á bak við það standi vitrir, hyggir og umhyggjusamir menn. Meðan þessari hlið málsins, hinni andlegu, lífshlið þess, er eigi fullnægt í réttu hlutfalli við gildi skipulagsins, kemur það eigi að tilætluðum notum. Vegna þess að þessara skilyrða hefir eigi verið nákvæmlega gætt, hafa oft og tíðum ágæt málefni og ágæt og vel hugsuð fyrirtæki verið eyðilögð á skemmri eða lengri tíma og þjóðnytjastofnanir horfið úr sögunni og ekki náð tilgangi sínum, vegna þess að mennirnir, sem með þær áttu að fara, voru ekki starfinu vaxnir, og skipulag, sem var ágætt, tortryggt og tapaði öllu fylgi af þessum ástæðum. Og þegar svo er komið hrópa menn og segja, þetta fyrirkomulag er óhafandi, því það hefir gefist illa. En þetta var í rauninni allt skynvilla. Orsökina lá ekki í fyrirkomulaginu, heldur í því, að óhafir menn fóru með það. Í þessu sambandi má vitna í orðtakið: „Veldur hver á heldur“. Ófullkomið skipulag í höndum viturs og þroskaðs manns er ágætt, en fullkomið skipulag í höndum óháfs manns er slæmt og hættulegt.

Þeir, sem vilja gerast umbótamenn og bæta skipulagið verða að gæta þess að það verði eigi gert fyrir en öruggt er að vitur, góður maður og óeigingjarn, sem er sannfærður um gildi þess, hafi óskoruð umráð yfir því. Á þetta við í öllu, smáu og stóru, í skipulagi einkafyrirtækja og í fyrirkomulagi og rekstri opinberra fyrirtækja og stjórnarfyrirkomulagi ríkisins.

## Áhangendur

Mikið mark taka menn á hinu svonefnda fylgi og virðast oft og tíðum aðallega meta gildi hlutanna eftir því hve stór hópur manna dái þá eða aðhyllist, einkum þegar um opinber mál, stefnur eða félagsskap er að ræða. Þess vegna er það kappsmál margra að smala mönnum saman í félög og flokka um ýmis áhugamál sín. Og þegar um stjórnsmál og önnur nytjamál er að ræða eru menn eigi ánægðir nema að stór hópur manna umkringi þá og fylgi þeim sem samsinnir eða eru skoðanabræður. Er því oftast nær gengið feti frammar en heppilegt er til fylgis-smölunar, því menn geta ekki beðið eftir því að hinn eðlilegi vöxtur fái að njóta sín og ástæðan er sú, að menn vilja þá þegar njóta ávaxtanna af erfiðinu og viðleitninni. Stundum lánast þetta, rétt í bili, en stundum eigi. Bakfall kemur eftir unnið áhlaup og hreyfingin dvín, því hin rétta aðferð var eigi viðhöfð. Menn voru of bráðlátir.

Á þessu ber mjög í allri pólitískri starfsemi og þá eigi síður í starfsemi einkafélaga og stofnana, sem vinna að siðferðis- og mannúðarmálum. Menn eru ekki í rónni fyrir en þeir geta horft á herskara samherja og meta svo gildi hugsjónarinnar og stefnunnar eftir því. En eftir vissan tíma flýtur fjöldinn út aftur eða verður áhuga- og áhrifalaus, vegna þess að hann hafði í raun og veru aldrei gert sér ljóst, hvað hann var að gera. Hlutaðeigendur hafa gert sjálfum sér skaða með því að jástast undir stefnu og ljá fylgi sitt máli, sem þeir höfðu ekki nægilega gert sér ljóst hvað var, og því horfið á braut og oft gerst óvinir þess og mótstöðumenn af eintómum misskilningi og mistökum, og starfsemin, sem hlut á að máli, og málefni hennar, verður fyrir óverðskulduðu aðkasti og röngum dómum, því er í öllu ver farið en heima setið. Sérhverja

stefnu og málefni á að byggja upp á löngum tíma með því að fræða menn um það og láta þá svo sjálfa um það, hvort þeir vilja aðhyllast það eða eigi. Eftir vissan undirbúningstíma fara menn að koma smátt og smátt, og á þann hátt byggist upp starfsemi, sem getur náð föstum og öruggum fótum fyrir nútíð og framtíð. En til þess að þetta geti orðið verður henni að vera stjórnað af sem allra hæfustum mönnum, vitrum og óeigingjörnum, sem vita að eigi er þörf á að hugsa um árangurinn, því ef rétt er að farið, er hann óhjákvæmilega viss, þegar vaxtar-skilyrðum hans er fullnægt. Náttúrulögmálin sjá um það.

### Ættjarðarást og þjóðerniskennd

Ættjarðarást er göfug dyggð og henni hefir verið sungið lof og dýrð í ljóði og ómi um aldir, og mörgu góðu hefir hún komið til leiðar. Fyrir hana hefir einnig, verið úthellt blóði hinna bestu manna þjóðanna í frelsisbaráttu þeirra.

En því hærri og göfugri sem einhver kennd er, því vandasamara er að fara með hana. Ekki veitir af að nota vel dómgreindina, þegar ættjarðarástin er annars vegar. Hefir hún oft þótt nothæf til þess að slá á miður góða strengi og koma fram málum og áformum, sem ekki voru sem heppilegust, þar sem jafnvel bæði áform og aðferð var með öllu ónothæft. Og sama máli er að gegna með þjóðerniskenndina, eru þessar tvær kenndir í raun og veru svo nátengdar, að þær verða eigi með öllu sundurgreindar. Hafa af misnotkun þessara kennda hlotist hin mestu vandræði og svo mun ætíð verða, því undirrótin er kynþáttahatur og kynþáttahatrið er brot gegn bræðralaginu og verður því aldrei til annars en ills eins. Engin viðfangsefni verða leyst á þeim grundvelli frekar en að leið byltinganna. Kynþáttahatrið notar ættjarðarástina sem meðal til þess að ofsækja aðra menn og jafnvel samborgara, vegna þess að þeir eigi engan rétt á sér, því þeir eigi ekki eins göfugan og glæsilegan uppruna og hinir. Og ein aðaldriffjöðrin er eigingirnin, að bola öðrum burt sjálfum sér til hagsbóta. Nýlendumyndunin hefir oftast nær verið framkvæmd á þennan hátt, og þeim raunverulegu eigendum og handhöfum landanna verið stökkt á brott með kúlum og byssustingjum, án þess að þeir hafi á nokkurn hátt til saka unnið annað en það að krefjast þess að fá að vera í friði í sínu eigin landi. Og þeir menn og þær þjóðir, sem þetta hafa gert, hafa jafnvel um aldaraðir uppskorið örðugleika vegna þess að þeir og þær höfðu brotið hið mikla viðhalds- og uppbyggingarlögmál þróunarinnar, fórnina. Þeir fórnðu öðrum í stað þess að fórna sér. Því hvílir mikil ábyrgð á öllum þeim, sem vilja gerast stjórnendur og leiðtogar manna, að þeir misnoti eigi þessar miklu og göfugu kenndir, ættjarðarástina og þjóðernistilfinninguna.

Það er mikill munur á því að vera sækjandi eða verjandi. Það er eðlilegt að menn finni hjá sér skyldu til þess að verja föðurland sitt fyrir utanaðkomandi árásum og ásælni annarra þjóða, og þá er ættjarðarástin rétt notuð þegar hún er driffjöðrin í vörninni fyrir frelsi og sjálfstæði föðurlandsins. En sem árásarhvöt á aðrar þjóðir á hún engan rétt á sér. Sá, sem vill vera í friði og óáreittur af öðrum, má aldrei ráðast á neinn að fyrrabragði. Og oft eru tylliástæður notaðar til árása, en sá, sem vill þjóð sinni vel, reynir í lengstu lög að forða henni frá því að hefja árás og einnig að heyja varnarstríð, sé það mögulegt. Menn verða að læra að viðurkenna rétt annarra manna jafnt og sinn eigin. Þá er siglt fram hjá mörgum og margvíslegum örðugleikum.

## Heimborgari

Hugtakið heimborgari er þekkt að nafni til en minna hugsað. Er það að vonum, því fáir hafa fram til síðustu tíma fengið ytra tækifæri til þess að hugsa og starfa að þeirri leið. Hugsanir manna hafa eingöngu snúist um þjóðina og þjóðernið, þegar best lætur.

Fyrst hugsa menn eingöngu um sjálfa sig og nálega ekkert eða lítið um fjölskylduna. Síðar kom forsvars- og verndarhugsun um fjölskylduna, og hún óx og varð að ættarvernd og ættarríkin mynduðust. Þá kom héraðshugmyndin til greina (hreppapólitík og árangur hennar). Svo kom lands- og ríkishugsun og þjóðernis. Og það virðist svo sem að í raun og veru sé eigi lengra komið á leið almennrar verndar- og bræðralagskenndar. En hér er þó áreiðanlega ekki komið að takmarkinu. Eins og að heimilið er ein heild út af fyrir sig og eins og þjóðfélagið er ein stærri heild, stærri einstaklingur, á sama hátt er mannkynið ein heild, ein fjölskylda, sem einnig á sinn sameiginlega rétt og að sjálfsögðu sameiginlegar skyldur. Það er ekki nægilegt að hugsa eingöngu um hag síns eigin lands, ríkis síns og þjóðernis. Menn verða að hugsa lengra, ef vel á að fara. Þar gildir þetta orðtak eigi síður en annars staðar „Það sem þér viljið að mennirnir geri yður, það skuluð þér og þeim gera“.

Síðan styrjöldinni miklu lauk hafa menn meira en áður talað um alþjóðasamvinnu í ýmsum greinum, þar sem engin samvinna var áður. Má þar t. d. nefna hugmyndina um „Þjóðabandalagið“, þó að tiltrú þess hafi heldur dafnað á síðustu tímum. En hugmyndin og starf Þjóðabandalagsins er þó full viðurkenning þess, að mennirnir eigi að vinna saman á alþjóðlegum grundvelli og eigi að hafa ýmis mál sameiginleg. Allt þetta dregur menn að þeirri hugsjón, að menn eigi að læra að lifa og starfa sem heimborgarar. Og þrátt fyrir ýmis vandkvæði, sem eru á því að koma þessum skilningi í verulega gott gengi, má þó búast við því, að heldur beinist viðleitni manna í þá átt að styrkja alþjóðlegt samstarf.

Ýmsar einkastofnanir starfa nú og hafa starfað á alþjóðlegum grundvelli, t. d. ýmis alþjóðafélög og hafa þau átt mikinn og markverðan þátt í því að skapa alþjóðlegan hugsunarhátt með þjóðunum. Sími, útvarp og aukin verslunar- og atvinnusamvinna með hinum ýmsu þjóðum beinir hugum manna óhjákvæmilega að hugsuninni um hinn góða heimborgara. Jafnvel þó að hann sé trúr og tryggur þegn síns lands, er hann þó einnig heimborgari og viðurkennir aldrei þær ályktanir, sem fram kunna að koma í þá átt að ganga á rétt annarra þjóða og þegna þeirra, því hann veit, að slíkt muni ætíð koma þjóð hans í koll fyrir eða síðar.

Hann kappkostar að feta hina gullnu braut samræmisins og bræðralagsins í öllum áformum og athöfnum gagnvart umheiminum, að sínu leyti eins og hann hefir það sem mælikvarða og leiðarstein í framtaki sínu og áformum innan síns eigin þjóðfélags. Það sem einkennir hinn góða þegn ríkisins er einnig einkenni hans sem hins góða heimborgara.

## Vinnubrögð hins fullkomna þjóðfélags

Í fyrri ritgerð minni minntist ég lítilsháttar á hugmyndina um hið fullkomna þjóðfélag og stjórnarfyrikomulag þess. Ég gaf í skyn að þar mundu verða stjórnmalaflokkar eins og nú á sér stað, en gat þess um leið, að þeir mundu verða að ýmsu ólíkir þeim stjórnmalaflokkum, er nú starfa. Vil ég nú athuga þetta nokkru nánar.

Í hinu fullkomna þjóðfélagi verða stjórnmalastefnurnar að sjálfsögðu fast mótaðar og um það verður í raun og veru enginn ágreiningur. Er það álitinn sjálfsagður hlutur. Hver maður

dregst óhjákvæmilega að þeim flokki, sem liggur næst þróunarleið hans og skapgerð. Þá verða flokkarnir þrír, eins og ég gat um í fyrri ritgerð minni og birta þeir í stefnu sinni eðlisþættina, rajas, sattva, tamás eða framsókn, jafnvægi og íhald. Þá verður jafnvægisflokkurinn stærstur og ræður mestu, en hinir flokkarnir miklu minni, því þeir eru ytri flokkarnir. Er jafnvægisflokkurinn byggður upp af reynslu hinna beggja og er því í raun rétttri árangur hinnar miklu þróunar sem hefir orðið til þess að skapa þá miklu visku, sem samsvarar eðlisþættinum „sattva“ og verk hinna þáttanna ber í skauti sinu.

Þegar um opinberar framkvæmdir er að ræða í hinu fullkomna þjóðfélagi er líklegt að eðlismunur hinna pólitísku flokka ætti að koma nokkurn veginn skýrt og ákveðið í ljós. Eru þeir orðnir þá svo hreinræktaðir og mótaðir að tæplega ætti lengra að komast. Þá verður eigi um neina einstaklingshagsmunahvöt að ræða í sambandi við stjórn málin, eins og nú á sér stað. Þá vinna flokkarnir óskorað með hagsmuni heildarinnar fyrir augum. Þá eru menn nær fórnarlögmálinu en nokkru sinni áður og því koma eiginhagsmunir ekki til greina.

Eðli framsóknarinnar er ætíð ný fyrirtæki, ný áform, og hún er ekki í rónni fyrr en þau eru framkvæmd. Hún er því ætíð að leita að nýjum verkefnum til þess að framkvæma og fullgera. Þurfi þjóðfélagið á einhverju nauðsynjafyrirtæki að halda, vill hún ráðast í það undir eins. Hún heldur því fram, að menn geti ekki beðið eftir því að fyrirtækið komi, þegar efni og ástæður eru fyrir hendi og það verði að framkvæmast á sem allra stystum tíma. Hún segir því: Ég legg til, að við tökum hagkvæmt lán til þess að við getum fullgert verkið, og það án nokkurrar tafar. Verkið er unnið og þjóðin fær þess not þegar í stað, en hún verður að greiða vexti og afborganir af láninu um langan tíma og er fjárhagslega háð á meðan.

Eðli íhaldsins er seinagangur. Það segir: „Við bíðum, við gerum ekkert fyrr en við höfum ráð á því, ekki fyrr en við höfum safnað handbæru fé til þess að gera verkið“. Og sé þessi aðferð notuð, verður þjóðin að bíða nokkur ár, áður en unnt verður að taka til við það og fullgera. En sá er kosturinn, að þjóðin skuldar ekki neitt þegar verkið er fullgert. Hún á það skilyrðislaust. En hún tapaði eigi að síður nokkru í of langri bið. Aðferð þessi er hægfare, en hún er trygg.

En jafnvægisflokkurinn fer nýja leið. Hann reynir í henni að sameina báðar þessar aðferðir, reynir eins vel og unnt er að fullnægja kröfum beggja hinna flokkanna. Hann lætur vinna verkið eins fljótt og unnt er, til þess að fullnægja kröfu framsóknarinnar og hagar því þannig, að þjóðin sé skuldlaus að verkinu loknu, til þess að fullnægja kröfu íhaldsins.

Hann fer þannig að: „Hann segir við þá, sem góð fjárráð hafa: Þið gefið fé til þess að kaupa allt efni til fyrirtækisins, sem við þurfum að fá annars staðar að. Þið gerið það, því óbeini arðurinn af fyrirtækinu kemur heildinni að notum og það verður ykkur aftur beinn og óbeinn hagar. Þið leggið það fram sem fórn í þágu heildarinnar og ríkisins“. Við hina, sem lítil auraráð hafa, segir hann: „Þið hafið ekki fé aflögu, en þið eigið kraft aflögu. Þið hafið líkama og vinnandi hendur, sem þið getið gefið þjóðfélaginu ykkur að skaðlitlu og hver og einn leggur til lítinn skerf af vinnu við verkið, svo að það komist sem allra fyrst í not. Þið fórnid vinnu ykkar á altari heildarinnar“.

Allir hafa eitthvað lítið lagt af mörkum og fyrirtækið stendur þar tilbúið til notkunar eftir tiltölulega stuttan tíma og ríkið, heildin, þarf engu til að svara í auknum afborgunum og vaxtagreiðslum. Þjóðin er skuldlaus og óháð, því fórnfúsir þegnar lögðu sitt fram í

sameiginlegri þjónustu og sameiginlegri fórn, til þess að koma á fót miklu nytjafyrirtæki, sem aldir og óbornir munu blessun af hljóta.

Á þennan hátt mun, að ég hygg, birtast einkenni þroskaðra stjórnmalaflokka í því þjóðfélagi, sem er byggt upp mestmegnis af fullkomnum, góðum og vitrum þegnum.

**JÓN ÁRNASON, prentari**